

**BORGARRÁÐ 7. mars 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skýrslu þjónustu- og nýsköpunarsviðs um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála - MSS24030049**

Á bls. 5 í skýrslunni Gagnastefna og fyrirkomulag gagnamála, stöðuskýrsla frá 2018 koma fram helstu markmið sem átti að ná fyrir 2022. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga af hverju er ekki enn búið að vinna þá forvinnu sem átti að vera lokið 2020 og 2022 s.s.: Að búið sé að kortleggja allar tengingar á milli kerfa í borginni, að búið sé að fækka vistunarstöðum um 50%, að samræmd vinnubrögð verði innleidd og að öll gögn verði birt sem opin gögn, nema ríkar ástæður s.s. lög um persónuvernd hamli slíkt. Þessu er ekki lokið og nú er árið 2024. Hver eru rekstrarmarkmið og þróunarmarkmið. Þjónustumarkmið fyrir árið 2024 og hvaða tímamörk eiga við þau?

**Greinargerð:**

Svo virðist sem það sé búið að að flækja rekstrarumhverfi þjónustu- og nýsköpunarsviðs með fleiri og fleiri kerfum og hugbúnaði en aldrei er hætt að nota neitt á móti. Vert er að hafa samúð með starfsfólki þar sem enn eru kerfi ekki að vinna saman. Ennþá, allavega sums staðar, þarf að gera rafræn eyðublöð að PDF skjali og vista inn í ótal kerfum og hlaða niður á tölvur til að opna og lesa. Þetta hlýtur að hafa áhrif á öryggisþáttinn. Svo mikið er víst að ekki hefur skort fjármagn. Það hefur bara farið í eitthvað allt annað. Ef í ljós kemur að markmiðum hefur ekki verið náð fyrir 2022, 2023 og 2024 þá er þessi eyðsla á tug af milljörðum stefnulaus, hreint glórulaus. Þjónustu- og nýsköpunarsvið þarf að læra meira af Stafræna Ísland sem hefur nú fengið verðlaun, valin úr 182 ríkjum WSA (World Summit Award fyrir að stuðla að stafrænni nýsköpun í þágu samfélagslegra umbóta. Verðlaun eru veitt í átta flokkum og fær Stafrænt Ísland verðlaun í flokki sem snýr að opinberri stjórnsýslu og þátttöku borgara (e. Government & Citizen Engagement). Stafrænt Ísland er verkefnastofa innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þar starfa 11 manns en rúmlega 250 starfsmenn stofnana og samstarfsfyrirtækja miðla til Ísland.is samfélagsins. Reykjavík gæti verið þar með meiri umsvif en nú er.